



Skipulags- og samgönguráð
Borgartún 14
105 Reykjavík Reykjavík

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um fjölgun stöðvunarskýla Strætó á Kjalarnesi og betri samrýmingu á strætóleiðum

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Regínu Bergmann Guðmundsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til stjórnar Strætó bs. að kanna fyrir árslok 2022 möguleika á fjölgun strætóskýla á Kjalarnesi til að auðvelda samgöngur til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur auk þess sem nauðsynlegt er að samrýma ferðir leiðar 29 við aðrar leiðir Strætó bs.

Greinargerð:

Eins og staðan er núna eiga börn og unglingar í Klébergsskóla erfitt með að taka strætó til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur þar sem mörg þeirra stunda íþróttæfingar og annað frístundastarf. Þrátt fyrir að Kjósinn sjálf tilheyrir ekki Reykjavíkurborg þá tilheyrir sveitin í Hvalfirði samt sem áður borginni. Ef það er greiðara aðgengi að samgöngum til Reykjavíkur eykur það möguleika ungmenna töluvert á að iðka íþróttir og annað félagslíf. Kjalarnes og ungmenni þeirra tilheyra Reykjavík en fá í raun og veru ekki þau fríðindi sem önnur ungmenni í Reykjavík fá varðandi strætósamgöngur.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skipulags- og samgönguráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skipulags- og samgönguráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.